



# KVI3E05 – Frásagnakvikmyndun handrit/saga

Námsáætlun, haustönn 2024

**Kennari/kennarar:**

**Þiðrik Emilsson**

**Netfang/netföng:**

[thidrik.emilsson@borgo.is](mailto:thidrik.emilsson@borgo.is)

## Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum klassískrar frásagnartækni við skrif á kvikmyndahandritum fyrir leikna kvikmynd og heimildamynd. Þeir læra aðferðir við hugmyndaöflun, þróun hugmynda og aðlögun að kvikmyndaforminu þar sem myndræn frásögn er í fyrirrúmi. Nemendur skrifa, taka upp og klippa saman myndefni eftir eigin handriti og handriti annarra og bera handritið saman við endanlega útkomu sögunnar. Leitað er eftir samvinnu við leiklistarnema þar sem unnið er með leikræna tjáningu og mismunandi túlkun í kvikmynd.

**Þekkingarviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum aðferðum við hugmyndaöflun og þróun hugmynda.
- klassískri aðferð við uppbyggingu sögu.
- eðli myndrænnar frásagnar í kvikmynd.
- ólíkri túlkun leikara á persónum sögunnar.
- eðlilegri þróun sögunnar frá hugmynd til lokaafurðar.

**Leikniviðmið** - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- finna grunnhugmynd sögunnar og skrifa í einni til tveimur setningum.
- nota og vinna með hefðbundið sniðmát við handritaskrif.
- skrifa söguþráð.
- skrifa söguúrdátt.
- skrifa samtöl.

**Hæfniviðmið** -

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá hugmyndir sínar í kvikmyndahandriti á myndrænan hátt.
- nota ólíkar aðferðir við hugmyndaöflun og þróun hugmynda.
- aðlaga og þróa hugmyndir og sögur að myndrænni frásögn í kvikmynd.
- velja viðeigandi túlkun leikara á persónum sögunnar.

**Námsmat:**

Námsmat í áfanganum er á formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningu og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, frammistöðumati, sjálfsmati og símati (þátttaka, virkni og framfarir)

- 30% Skrifleg verkefni - nokkur greiningarverkefni og kynningar verða á önninni
- 60% Kvikmyndaverkefni - hugmyndavinna, handritagerð og kynning verkefna
- 10% Virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

**Námsgögn:**

Ljósrit og annað efni sem kennari útteilir. Innlagirnir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum en mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda um verklega einstaklingsmiðaða kennslu að ræða. Mikilvægt er að nemendur horfi á myndir sem eru til umfjöllunar hverju sinni.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Notaður verður námsvettvangurinn Inna fyrir samskipti milli kennara og nemenda, sem ber að skila öllum verkefnum tímanlega á námsvettvang og/eða vefsíðu.

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% skólasókn í áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma uppi við í kennslustundum.

**Neysla matar** í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á réttum tíma til að ná áfanganum.

*Nemendur eiga að nota hugmyndabók í tölvutæku formi þar sem þeir safna saman öllum sínum skrifum, hugmyndum og handritum og myndrænum tilvitnunum.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga – Frásagnartækni kvikmynda	<i>Nýnemadagur</i>
2	26.-30. ágúst	Greining 01 (Kveikjan – subject)	5%
3	2.-6. sept.	VERKEFNI 01 - Hugmynd /	
4	9.-13.sept.	Greining 02 (Söguþráð – flétta – plot)	5%
5	16.-20.sept	VERKEFNI 01 – Þróun / útfærsla / handrit	15% <i>Vörðuvika I</i>
6	23.-27. sept.	Greining 03 (Persónusköpun - dialog - character building)	5%
7	30.sept.- 4. okt.	VERKEFNI 02 - Hugmynd / undirbúningur	<i>Heilsudagur</i>
8	7.-11. okt.	VERKEFNI 02 - Þróun / útfærsla / handrit	
9	14.-18. okt.	VERKEFNI 02 - eftirvinnsla	
10	21.-23. okt.	Greining 04 (Upphaf og endir)	<i>Hausthlé</i>
11	29. okt.-1. nóv.	VERKEFNI 03 - Hugmynd / undirbúningur / handrit	15%
12	4.-8. nóv.	VERKEFNI 03 - Kynning (Pitch)	<i>Vörðuvika II.</i>
13	11.-15. nóv.	VERKEFNI 03 - Þróun / útfærsla / handrit	
14	18.-22. nóv.	VERKEFNI 03 - Prufur / klipp	<i>Vörðuvika II</i>
15	25.-29. nóv	VERKEFNI 03 - Eftirvinnsla / Kynningarefni	15%
16	2.-6. des.	Lokakynningar/samantekt	30%
17	9.-12. des	Námsmat og frágangur	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*